

## Skrá 33. Sauðfé

### ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS 33. SPURNINGASKRÁ

#### **Inngangur**

Hirðing sauðfjár hefur eigi tekið minni breytingum hér á landi á þessari öld en annað í atvinnuháttum. Aðstæður varðandi fóðrun og fénaðarhirðingu hafa verið mjög mismunandi hvað varðar landshluta og einstakar byggðir. Hafa þar m.a. um ráðið snjóalög, landkostir, fjörubeit o.fl. Eftir því er leitað með þessari spurningaskrá að fá í einn stað sem mestan fróðleik um þetta efni svo gott heildaryfirlit megi gera um þennan merka þátt í lífsbjörg og háttum landsmanna.

#### **SAUÐFÉ**

##### Fjárhellar, fjárból

Voru hellar notaðir í stað fjárhúsa eða á annan hátt til skjóls fyrir sauðfé? Báru þeir nafn af því (fjárhellir, fjárból)? Voru dæmi þess að bændur stækkuðu hella eða beinlínis gerðu hella til þessara nota?

Lýsið hversu gengið var frá hellisopum (hellismunnum). Voru hlaðir þar "forskálar" með dyraumbúnaði? Lýsið jötum eða gördum. Voru nýtanleg vatnsból í hellum eða vatnsból tengd þeim?

Voru heyhellar tengdir fjárhellum? Þótti fénaður fóðrast eigi miður í hellum en fjárhúsum? Voru krossar markaðir í hellisberg til heilla? Þekkjast nokkrar sagnir um hella tengdar huldufólki eða öðrum dularverum?

##### Fjárborg, fjárbyrgi

Kunna menn að segja frá fjárborgum sem hlaðnar voru í högum einkum til skjóls fyrir beitarfénað? Hvað nefndust þær byggingar? Voru þær yfirleitt hringhlaðnar?

Lýsið hleðslu á fjárborg, hleðsluefni, hæð veggja, dyrum og öðru er efnið varðar. Lýsið stærð ef auðið er. Voru jötur með veggjum?

Voru til fjárborgir hlaðnar upp í topp án viðá (topphlaðnar) ýmist úr grjóti eða hnausum?

Voru fjárhús og fjárborgir í notkun samtímis eða voru fjárborgir yfirleitt notaðar á þeim bæjum þar sem fjárhús voru til? Hvernig var afstaða fjárborga til annarra húsa? Hvenær ársins voru fjárborgir notaðar?

Eru enn til uppistandandi fjárborgir frá eldri tíð? Eru kunnar rústir fjárborga? Minna örnefni á fjárborgir?

(Ath. Þorvaldur Friðriksson stud. mag. hefur nýlega sent nokkrum tugum manna sérstakt spurningabréf um fjárborgir. Þeir sem þegar hafa skrifað honum þurfa ekki að endurtaka það hér nema þeir hafi einhverju við að bæta).

##### Skjólgarðar

Voru hlaðnir skjólgarðar fyrir beitarfénað á skjóllitlu svæði? Hvernig var gerð þeirra háttáð? (Krossgarðar T-laga t.d.)? Sjást enn minjar þeirra í högum? Minna örnefni á þá (skjólgarðsmýri, skjólgarðsfit t.d.) ?

##### Fjárhús

Fjárhús af mismunandi gerðum hafa tíðkast hér á landi. Fjárhús hafa ennfremur greinst í mismunandi hús eftir aldri og kyni sauðfjár er í þeim var hýst, ofl. svo sem lambhús, hrútakofa, ærhús, fjárhús, sauðahús, beitarhús o.s.frv.

Menn eru beðnir að lýsa fjárhúsum gamalla gerða. Ber þá m.a. að hafa í huga: Dreifing

fjárhúsa um landareignina, jafnt að því er tekur til þess að nota beitarland á hagkvæman hátt, til þess að geta notað sauðatað til áburðar og eldsneytis og til þess að koma heyi á hús dag frá degi eða í flutningi í tótt eða hlöðu að sumri. Nærtækt vatnsból, snjóalög o.fl. kann og að hafa þýðingu í þessu sambandi.

Breytingar sem orðið hafa í manna minnum eða sem sagnir ná til. Dæmi þess er t.d. það að norðlensk garðahús eru upp tekin í fjárhúsagerð á Suðurlandi.

Lýsingar er óskað á veggjagerð, uppgerslu, þaki og fyrirkomulagi fjárhúsa yfirleitt. Hvernig var dyraumbúnaður? Voru gluggaop á húsum? Hvernig var frá þeim gengið? Voru strompar á fjárhúsum?

Hvernig var háttað fyrirkomulagi á jötum og gördum? Greinið frá nöfnum sem þetta varða (jötuborð, garðastokkur, garðaborð, garðahöfuð, jötubönd, garðabönd o.s.frv.). Skiptist gólfrymi í fjárhúsum í svonefndar krær?

Var rými miðað við það að húsið hýsti tiltekinn fjölda fjár eða svo og svo margar kindur kæmust að jötu eða garða? Voru grindur í fjárhúsum? Vita menn hvenær þær voru fyrst upp teknar?

Var viss hagkvæmni í því fólgin að neðri hluti fjárhúsveggja væri úr grjóti en sá efri úr hnaus eða torfi?

Þekkjá menn þá trú að fjárhúskampa skyldi hlaða með aðfalli sjávar?

Stóðu fjárhús tvö eða fleiri saman (garðahús t.d.)? Var heyhlaða eða heytóft byggð aftur af fjárhúsi? Voru fjárhús stundum byggð upp við kletta til að spara tré í uppgerslu? Voru steindrangar notaðir til uppgerslu á fjárhúsdyrum til að spara tré?

Muna menn eftir krossmörkum, skornum eða fjörumörkuðum á stoðum, stöfum eða hurðum fjárhúsa? Var um það rætt að þau bægðu brott ákveðnum hættum? Þekktist sú trú að góð þrif fjárins og fjárheill væru að einhverju leyti tengd staðnum sem fjárhúsið stóð á? Var málshátturinn "hiti er á við hálfu gjöf" notaður um fjárhús m.a. og þýðingu hlýrra húsa fyrir vellíðan sauðfjár sem í þeim var hýst?

Kunna menn að segja frá því að engin fjárhús (fullorðins fjár, ær, sauðir) hafi verið á einstökum bæjum og fénaður aðeins látinn bjarkast við opin skýli og hey gefið á gadd eða gefið á skalla sem kallað var?

Hvenær hófst það að byggja baðþrær eða baðgryfjur í fjárhúsum með tilheyrandi sigpöllum (í garða e.t.v.)? Bygðu hver einstakur bóndi þetta fyrir sig eða nokkrir bændur í samlögum?

#### Fjármaður, beitarhúsmaður

Voru orðin fjármaður eða beitarhúsmaður almennt notuð um þann mann sem hafði það starf með höndum að annast um fénaðarhirðingu á fjárhúsum eða beitarhúsum? Hafði orðið fjármaður einnig sérmerkinguna sá sem hefur glöggt auga fyrir auðkennum sauðfjár (sbr. fjárauga)?

Voru orðin gegningar, gegningarmaður og garðmaður fremur notuð um þann sem annaðist um gegningar búpenings í innistöðu? Lýsið á hvern hátt þetta var háð mismunandi stærð búa og öðrum aðstæðum.

Hvað nefndist daglegt starf fjármanns (að ganga á húsin, standa yfir fé, gegna fé, ganga að fé, hirða fé o.s.frv.)? Höfðu fjármenn eitthvert annað starf með höndum sér til dægrastyttingar er þeir gengu á hús eða stóðu yfir fé og ekki þurfti að moka ofan af (smásmíði einhvers konar, þrjóna eða annað)? Kunna menn vísur, málshætti eða sagnir um fjármenn, m.a. varðandi gildi þeirra fyrir bú bóndans?

#### Fjármaður, föt, matur o.fl.

Segið frá skjólfatnaði fjármanna. Voru einstakar flíkur eða höfuð-, handa- og fótþúnaður sem sérstaklega voru gerð eða ætluð þeim sem stóðu yfir fé og gegndu fé í hríðum eða köldu veðri (hríðarúlpa, lambhúshetta, klæddir (tvöfaldir) vettlingar o.s.frv.)?

Var með einhverjum hætti reynt að mýkja skó eða skinnsokka fjármanna í hörðum frostum? Segið frá hjálpartækjum fjármanna í hörðum frostum? Segið frá hjálpartækjum fjármanna (skíðum, þrúgum, göngustaf, klofakerlingu, sporreku eða snjóreku o.s.frv.) og notum þeirra. Lýsið mat og matmálstímum fjármanna svo og nesti ef um það var að ræða. Voru einstök matföng sem þóttu góður hitagjafi fyrir fjármenn eða aðra sem þurftu að ganga úti frost og kulda (súrt smjör, súrt skyr t.d.)?

Hafði fjármaður hund með sér á húsin? Segið frá fjárhundi og gildi hans fyrir starf fjármanns.

### Forystufé

Hvað nefndust þær sauðkindur sem öðrum fremur höfðu forystu fyrir fjárhóp og leiddu hann oft frá hættu (forystuær, forystusauður t.d.)? Var þetta hæfileiki sem þótti erfast t.d. fráforystuá til afkvæma hennar?

Var sérstök rækt lögð við það að eiga forystuær og forystusauði? Gekk forystufé kaupum og solum í vissum tilvikum sökum hæfileika sinna? Var verðlagning þá við það miðuð? Lýsið háttsemi forystufjár í sambandi við forystu þess í fjárhóp, veðurgleggni eða annað er það varðar. Eiga bændur enn forystukindur?

### Fjárjörð

Hvaða orð voru notuð um bújörð sem bar fremur fjárbú en kúabú (fjárjörð, beitarjörð t.d.)?

Var þá jafnt miðað við heyfall (fjárhey) og hagbeit sumar og vetur?

Í hvaða merkingu var orðið fleytingsjörð notað?

Voru einstakar jarðir þar sem sauðfé gekk að mestu sjálfala á vetrum (útigangur)? Voru einstakir staðir í landi jarða þar sem tiltekinn fjöldi fjár gat lifað á útigangi?

### Sett á vetur

Lýsið ásetningi sauðfjár. Hve mikið magn af heyi var sauðkind ætlað til fódurs, a) lömbum, b) veturgömlum ám, c) fullorðnum ám, d) sauðum? Var í ásetningi miðað við fastan gjafatíma frá ári til árs? Var miðað við ákveðin not af beitarjörð? Var miðað við ákveðin not af fjörubeit?

Mældu bændur hey sín í föðmum og ákváðu eftir því ásetning án atbeina forðagæslumanna?

Var almennt farið eftir ráðum forðagæslumanna með ásetning? Voru forðagæslumenn í hverjum hjrepp?

Tóku bændur fénað í fóður fyrir ákveðið gjald (fóðrapeningur), t.d. bændur sem voru að byrja búskap og áattu fátt fénaðar? Tóku bændur fénað á leigu meðákveðnum skilyrðum? Var fóðrafénaður afhentur úr fóðri á ákveðnum degi að vori (eldaskildaga)?

### Gjafatími

Hvað nefndist tíminn sem leið frá því er sauðfé var "tekið á gjöf" og þar til það "fór af gjöf"? Hvaða orðum var farið um nánd eða byrjun gjafatíma (ekki farið að gefa tuggu, farið að hára fé, gefin hálf gjöf, komið á fulla gjöf o.s.frv.)?

Hvað nefndist það er byrgja varð fé í húsi sökum veðurs, e.t.v. svo dægurum skipti (innistaða t.d.)? Hvaða orðum var farið um það er gróður fór að lifna svo að hægt var að minnka heygjöf (dregið úr gjöf, minnkuð gjöf, gefið í annað mál, sleppt frá húsi, sleppt á jörð, látið bjarga sér o.s.frv.)?

### Vetrarheit

Lýsið notum af beitarjörð að vetri. Var rætt um notagildi einstakra tegunda í gróðri jarðar í mati á vetrarheit sauðfjár? Voru mismunandi gróðurlendi notuð í vetrarheit eftir því hvernig viðraði, t.d. votlendi er þar náðist til jarðar og svo fjalllendi?

Hvaða orðum var farið um heygjöf og beit miðað við mismunandi aðstæður fénaðar með að

ná til jarðar (gjaffellt, snöp, hagasnöp, krafstursjörð, krafstursfært, nær ekki til jarðar, jarðbann, illa gerðir hagar, jörð til málsbóta o.s.frv.)?

Kunna menn að segja frá því að hlaðnir hafi verið hagagarðar eða beitargarðar handa sauðfé til að ganga eftir í haga í snjóalögum?

### Skógar

Var skógarlim (lum) notað til þess að spara heygjöf að vetri? Lýsið öflun þess og áhöldum sem til þess voru notuð. Í hve miklu magni var skógarlim gefið til fódurs t.d. á móti heygjöf?

### Hrís, fjalldrapi, lyng

Var hrís, fjalldrapi eða lyng rifið upp til fódurs skepnum í heyproti eða til þess að hægt væri að draga úr heygjöf? Þekktist málshátturinn "Allt er hey í harðindum" varðandi úrræði manna í heyproti?

### Fjörubeit

Var sauðfé almennt beitt í fjöru þar sem aðstæður leyfðu? Lýsið nytjum af fjörubeit og gæslu sauðfjár við fjörubeit.

Voru einstakar tegundir fjörugróðurs, öðrum fremur, vel til fódurs fallnar? Hve mikill þáttur í fódurun gat fjörubeit orðið? Öfluðu menn þangs eða þara til fódurs sauðfé? Þekktist menn sagnir af fjöruþalla í sambandi við sauðfé og fjörubeit?

### Sjófang

Var sjófang (fiskúrgangur, loðna, síli, síld t.d.) í einhverjum mæli notað til fódurs sauðfé? Segið frá öðrum úrræðum varðandi fódur og fóduröflun.

### Hagbeit

Var venja að byrgja beitarfénað á nóttum? Þekktist ekki að fé væri "látið liggja fyrir opnu" í góðri tíð? Lýsið starfsdegi fjármanns. Hvenær fór hann til húsa að morgni?

Var beitarfénaði gefin heygjöf áður en hann var rekinn í haga? Var það mismunandi eftir því hvort um ær eða sauði var að ræða? Lýsið, hvernig saman fór gæsla á sauðum og ám í starfi fjármanns. Var troðin slóð fyrir sauðfé í haga í fannalögum? Stóð fjármaður daglangt yfir fé í haga? Mokaði hann ofan af fyrir fé er það náði ekki til jarðar? Lýsið því. Var gætt að því að beita ekki of hörðu við sauðfé með ástöðu í hörðum frostum? voru nokkur ákveðin ummæli um dug sauðfjár (sauða t.d.) til að bjarga sér á beitarjörð í snjóum og frostum? Hvenær var beitarfénaður rekinn til húsa að kvöldi? Hvernig var heygjöf þá háttáð? Var hún e.t.v. breytileg eftir því hversu dagurinn hafði notast til beitar? Lýsið umbúnaði dyra og gátta er lokað var húsi.

Segið frá heimkomu og kvöldi fjármanns. Átti hann frí frá störfum er heim kom.

### Gefið á hús

Var sauðfé gefið hey einu sinni eða tvisvar á dag? Lýsið hvernig dagleg heygjöf fór fram. Æskilegt væri að fá lýsingu á því hvernig búið var um heystál í heytóftun eða heygörðum við daglega umgengni að vetri.

Voru þar gerð sérstök skjól eða skýli svo veður og vindar ættu ekki greiðan aðgang að heyi er það var leyst? Var hey borið í hneppum á garða? Var hvert hneppi heygjöf handa ákveðnum fjölda sauðfjár? Hvernig var heyhneppinu dreift á garðann? Var hey borið á hús í meisum eða kláfum? Tóku þeir ákveðna heygjöf handa tilteknum fjölda fjár? Lýsið þessu m.a. hvað varðar vigt á heyi. Hve mikið hey eða fódur tóku stærstu kláfar? Voru þeir e.t.v. kenndir við þann fjölda fjár sem úr þeim fékk fódur (tuttugu kinda kláfur eða hrip t.d.)? Hvernig báru menn kláfa á hús? Var hey borið á hús með öðrum hætti (í belgjum eða pokum t.d.)? Var hey flutt á

sleðum til húsa?

Voru gólf í fjárhúsum jafnan rökuð (eða hreinsuð) er gefið var á garða eða jötur? Var einnig dagleg venja að sópa garða og jötur? Hvað var gert við umsópið (bar, moð og annað)? Var fé laðað að húsi með ákveðnu kalli (kefa, kef - kibba, kibb eða annað)? Var staðið yfir sauðfé meðan það át heygjöf og gætt að því að einstakar kindur ætust ekki úr?

Var nokkuð það í atferli sauðkinda í húsi eða haga sem mark var tekið á gagnvart veðri eða öðru?

### Vatn

Lýsið aðstöðu með að koma fénaði í vatn eða að vatni í frosthörkum eða snjóalögum. Hvað var það nefnt (að vatna, brynna t.d.)?

Var sérstakt áhald (vakarbroddur eða annað) gert til þess að vaka með ísa eða vatnsból fyrir búfénað? Lýsið því. Var snjór e.t.v. stundum látinn koma í stað vatns.

### Fengitími

Var orðið brundhrútur almennt notað um hrút sem hafður var til undaneldis? Var ætíð vandað til vals á hrútum sem ætlaðir voru til undaneldis?

Hvaða auðkenni voru þar mest metin áður en til komu ráð lærðra búfræðinga og fjárræktarmanna? Voru lambhrútar nokkurn tíma notaðir til undaneldis?

Hvenær skyldi taka hrúta á gjöf eða sjá því borgið að þeir lembdu ekki ær í ótíma? Hvenær hófst fengitími sauðfjár almennt? Nefndist hann annað (brundtíð t.d.)? Hvaða orðum var öðrum um þetta farið (hleypa til, setja hrútinn í ærnar o.s.frv.)? Greinið frá ráðum til að koma í veg fyrir að einstakar ær lembdust og orðum sem um það voru notuð (gera fyrir, sauma fyrir, spjara, skeyta o.s.frv.)? Voru til sérstakar gerðir af hrútsspeldum eða húfum sem notuð voru frá ári til árs? Lýsið þeim. Báru ær nafn af spjör eða skeyti (spjararær, skeytt ær o.s.frv.)? Þekktist orðið brundmaður um annmarka á hrútum um fengitíma? Hvernig var ráðin bót á því?

Var kindum smalað til hrútsins í góðu árferði? Voru hrútar leiddir daglega til fjárins um fengitímamann eða látnir ganga lausir í fénu? Hve margar ær voru ætlaðar einum hrút?

Þekktist sú trú að litur væntanlegra lamba færi að einhverju leyti eftir a) lit jarðar um fengitímamann, b) lit fjárhunds, c) lit á fatnaði fjármanns?

Hugfestu eða skráðu bændur eða fjármenn tölu þeirra sauðkinda sem gengu dag hvern um fengitíma? Var skráð nákvæmlega hvaða ær gekk hvern dag og með hvaða hrút, svo og kyn, tala og litur lambanna? Segið frá öðru sem varðar fengitíma.

### Sjúkdómar

Segið frá sjúkdómum sem hrjáðu sauðfé um gjafatíma og hvernig reynt var að ráða bót á þeim. Var rætt um ákveðna sjúkdóma er raktir voru t.d. til fóðurs eða beitar (fjörubeit t.d.)? Þekktist vanki í sauðfé? Var nokkur þjóðtrú þekkt varðandi það hvernig hægt væri að losna við hann? Þekkjja menn sagnir um óhöpp í sauðfé sem áttu að stafa af því að bændur hefðu egnt á sig reiði huldra vætta (hreyft við álagastöðum t.d.)?

### Fóðrun og fénaðarhöld

Lýsið á hvern hátt bændur fylgdust með þrifum eða fóðrun sauðfjár um gjafatíma. Voru ákveðin einkenni í holdafari sem við var miðað í þeirri athugun?

Lýsið því og greinið frá orðum sem um það voru höfð (brúnslétt, farin að skarða, flagnar frá, grip milli spaða, bjórhál, komin á merg, bláskörðuð, orðin grönn, merglaus, illa fær, reisa, með horpoka o.s.frv.). Lýsið á hvern hátt tekið var mark á hornahlaupum gemsá er dæmt var um fóðrun.

Voru kindur "teknar frá" þ.e. gefið sér í húsi ef þær "átust úr" eða voru með sérstökum

vanþrifum? Lýsið því.

Segið frá álitum manna varðandi framgengið fé að vori sem kom m.a. fram í leik gema eða því að kind bar það með sér að hún var "ekki á horleggjum". Var það almennt að bændur ræddu um fénaðarhöld er fundum bar saman?

Lýsið álitum manna á einstökum bændum miðað við það hvort þeir fóru vel eða illa með fénað (horkóngur t.d.).

## **AUKASKRÁ, GEITFÉ**

### **Inngangur**

Allvíða á Íslandi og þó einkum um norðaustanvert landið hefur geitarækt verið nokkur uppistaða í búskap. Ekki hefur að marki verið fjallað um geitfé í þjóðháttaritum og skammt mun til þess að fáir kunni frá því að segja. Því eru hér saman tekin nokkur drög að spurningaskrá um geitfé og kynnu svör við henni að gefa ástæðu til nánari útfærslu á ýmsu sem hér er að vikið.

### Geitfé á búi

Segið frá nöfnum geitfjár miðað við kyn og aldur (geit, hafur, kiðlingur, huðna o.s.frv.). Var orðið hyski notað um geitfé í samsettum orðum (geithyski, geldhyski t.d.)?

Voru geitur skírðar nöfnum líkt og t.d. sauðkindur? Lýsið þýðingu geitfjár fyrir búskap, m.a. hvað varðar nýtingu haglendis og afurðir í kjöti, slátri og mjólk miðað við önnur húsdýr, sauðfé t.d. Var orð á því gert að geitin færi til muna verr með gróður en sauðfé? Minna örnefni á geitfé og geitabúskap? Hvaða orð var notað um rödd eða "mál" geita?

### Geitakofi

Gekk geitahús almennt undir nafninu geitakofi? Lýsið geitakofa. Var kofastæðið valið eftir vissri reglu hvað varðar t.d. fjarlægð frá bæ, haglendi að vetri, aðfenni o.s.frv.?

Hvernig var háttað veggjum uppgerslu og dyraumbúnaði? Hvernig var gluggaop? Var strompur á kofanum? Hvernig var háttað fyrirkomulagi inni í kofanum hvað varðar gjöf, m.a. hvað varðar heygjöf handa fullorðnum geitum og huðnum? Voru geitur stundum hafðar innan bæjar eða í húsi heima við bæinn? Hvar voru hafrar hýstir að vetri?

### Vetrarfóðrun

Lýsið vetrarfóðrun geitfjár og hversu hún var breytileg eftir því hvort geitin var mjólkuð eða ekki. Lýsið gjafatíma, fóðri og útbeit. Var geit ætlað ákveðið magn vetrarfóðurs? Hve mikið? Lágu geitur fyrir opnu? Var geit "sett í hömlu" meðan hún var að éta fóður? Lýsið því. Er orðtakið: "Eins og geitur á garða" þekkt í mæltu máli? Lýsið sérstaklega vetrarfóðrun kiðlinga.

### Fengitími

Lýsið fengitíma geitfjár. Var gert fyrir (saumað fyrir) geitfé (hafra) með speldi líkt og gerðist um sauðfé? Hve gamlar voru geitur er þær áttu fyrst kiðling?

### Burður

Lýsið burði geitfjár að vori og hvernig fylgst var með honum. Voru dæmi þess að hafurkiðlingum eða huðnukiðlingum væri lógað nýbornum? Voru kiðlingar markaðir með sama hætti og lömb? Þekktist það að hafurkiðlingar væri geltir líkt og t.d. hrútlömb?

### Fráfærur

Hvenær var fært frá geitum? Var miðað við ákveðinn aldur á kiðlingum er fært var frá? Lýsið fráfærum. Voru kiðlingar reknir með geldhyski á afrétt?

Hvar voru geitur mjólkaðar? Voru þær laðaðar að mjöltum með kalli: "Kið, kið"? Lýsið mjöltum og aðstæðum við mjaltir. Lýsið haglendi mjólkurpenings og gæslu að því leyti sem um hana var að ræða. Hve langt fram á haust voru geitur mjólkaðar? Var algengt að mjólka geitur fram á vetur?

#### Geitamjólk

Hve mikið mjólkaði ein geit að jafnaði yfir árið (ársnyt)? Hve mikið smjör fékkst úr ársnyt? Var nokkuð rætt um hollustu geitamjólkur, t.d. móti sauðamjólk eða kúamjólk? Var unnið úr geitamjólk með líkum hætti og t.d. sauðamjólk? Bar matur sem unninn var úr geitamjólk nafn af henni (geitaostur t.d.)?

#### Geitur til frálags

Lýsið slátrun geita og meðferð afurða (kjöts, sláturs, skinna o.s.frv.). Var þetta með svipuðum hætti og t.d. um sauðfé?

Hvað nefndust geitaskinn (geitastaka, hafraskinn o.s.frv.)? Voru hafrahorn notuð til smíða, t.d. í spæni? Notuðu börn bein geita í leikjum sínum? Hvernig? Lýsið að hvaða leyti slátrun geita var háð aldri þeirra og árstíð (hafrar t.d.).

#### Geitur og sjúkdómar

Segið frá sjúkdómum sem hrjáðu geitur, meðferð þeirra og lækningu.

#### Geitur og veður

Lýsið áhrifum veðurs á geitur. Voru geitur nærmar gagnvart veðri? Fundu geitur á sér veður líkt og ýmis önnur húsdýr?